

Sæll Rikki,

Takk fyrir skjót viðbrögð. Við skoðum þetta.

Þessi útfærsla er ólík teikningunum sem við erum með hérna á skrifstofunni og þar sést ekki afstaða innan byggingarreits. Þessi útfærsla ætti að ganga gagnvart svölunum. Við teljum þó alltaf kost að hafa svalir að hluta innbyggðan í byggingarreit til að mynda afmarkaðan og skjólasaman stað. Það yrði þó líklega ekki krafa.

Það væri gott að sjá 3d myndinna úr sjónarhorni sem sýnir baklóðina betur. Það þyrfti einnig að sýna hvernig frágangur við lóðamörk við lóð 9 er fyrirhugaður, sérstaklega þar sem tröppurnar vísa núna að þeim lóðamörkum.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Ríkarður Tómas Stefánsson <rikki@teknistofa.is>

Sent: fimmtudagur, 2. júlí 2026 10:35

Til: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>; Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>; Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>


Efni: RE: Miðgerði 1-3-5-7

Sæl Dagný

3.44 metrar út fyrir byggingarreit ?

Held að þú sért aðeins að misskilja, húsið er 93 cm inn fyrir byggingarreit á suðurhlið og voru því svalirnar 91 cm út fyrir leyfinleg mörk (160 cm)

Hef uppfært hönnun svala og lýtur þetta svona út í dag (sjá mynd hér að neðan)



Í meðfylgjandi pósti er 3d ásýndir og snið sem sýnir mögulegan frágang lóðar á suðurhlið Miðgerðis 1.3.5.7

Bkv

Rikki Stefáns

From: Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>

Sent: miðvikudagur, 1. júlí 2026 17:04

To: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>; Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>; Ríkarður Tómas Stefánsson <rikki@teknistofa.is>

Subject: RE: MG5-7

Sæll Valur Smári,

Við höfum mótttekið umsókn þína í íbúagátt. Í dag funduðum við með formanni US-ráðs um málið á undirbúningsfundi og viljum við óska eftir auknum gögnum fyrir fundinn á mánudaginn.

Ég leyfi mér að bæta Rikka við samtalið þar sem þú nefndir að hann er að teikna húsin. Við viljum óska eftir myndum í því ástandi sem sýnir bæði húsin og aðkomuveg. Það þarf ekki að gera mikla grein fyrir útliti, heldur aðallega húskroppum, svölum og landhæð við húsin.

Einnig vil ég benda á ákvæði um svalir í deiliskipulaginu, en ljóst er að svalir á teikningunum sem við höfum mótttekið frá ykkur eru ekki í samræmi við deiliskipulag þar sem þær standa 3,44 m út fyrir byggingarreit en hámark er 1,6 m.

Svalir

Við Miðgerði er mögulegt að vera með svalir. Mælt er til að svalir séu teknar inn í húskroppa um a.m.k 0,8 m eða að gert sé uppbrot í hús til að mynda svalir. Svalir mega ná 1,6 m út fyrir byggingarreit. Ekki er heimilt að svalir fari út fyrir byggingarreit á norðurhlið lóða nr. 2, 4, 6 og 8 við Miðgerði.

Kær kveðja, Dagný

Frá: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>

Sent: fimmtudagur, 25. júní 2026 12:35

Til: Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>; Dagný Hauksdóttir <dagny@vestmannaeyjar.is>

Efni: FW: MG5-7

Sæll,

Takk fyrir þetta. Ég set [@Dagný Hauksdóttir](#) í cc, svo hún sé einnig upplýst um þetta.

Rannveig

From: Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>

Sent: fimmtudagur, 25. júní 2026 08:00

To: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>

Subject: Re: MG5-7

You don't often get email from smari@laxey.is. [Learn why this is important](#)

Hæhæ,

Var að klára að senda inn. Eins og frágangur verður á lóðinni að aftan erum við ennþá með um 5 metra eftir af sléttri lóð aftan við húsið áður en upphækkun byrjar.

Það voru ekki mörg slög sem ég mátti gera til að senda þetta inn til að útskýra betur en finnst ágætt að það komi fram að útlit hússins að utan mun ekki breytast þótt þetta verði ekki samþykkt, eina sem gæti gerst er að gaflinn á húsinu færist inn um 60 cm.

Finnst skipulagið á eigninni ekki skemmtilegt með 90 fermetra hvora hæð og stiginn tekur helling til sín þannig að hver hæð er kannski ekki nema 80 fm með núverandi skipulagi.

Kv. Smári

Frá: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>

Sent: miðvikudagur, 24. júní 2026 08:35

Til: Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>

Efni: RE: MG5-7

Sæll,

Fylgi eftir hittingi okkar með Dagnýju á mánudag.

Þið skilið inn greinargerð með rökstuðningi fyrir auknu byggingarmagni ásamt teikningum.

Skipulagsráð tekur það þá fyrir eða ræðir hvort þeim hugnast það. Eins hvort þörf sé á deiliskipulagsbreytingu.

Rannveig Ísfjörð

From: Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>

Sent: föstudagur, 19. júní 2026 13:47

To: Rannveig Ísfjörð <rannveig@vestmannaeyjar.is>

Subject: Fw: MG5-7

You don't often get email from smari@laxey.is. [Learn why this is important](#)

Hæhæ,

Hér eru teikningarnar sem ég er með frá Ríkka fyrir Miðgerði bæði 1 - 3 og 5 - 7. Þessi hús verða eins. Á grunnmyndinni af húsinu er punktalína sem sýnir byggingareitinn, og við erum að halda okkur innan hans. Eina sem við erum að spá í að breyta í frá þessari teikningu er að þakið hallar í tvær áttir og skiptist í línunni þar sem svalirnar í norður eru dregnar inn, þá hallar fremsti parturinn af þakinu í norður en stærsti hlutinn hallar í suður.

Endilega látið mig vita hvort þetta sé eitthvað sem við gætum mögulega unnið eftir, og þá hvað við þurfum að gera til að láta það ganga eftir.

Kveðja, Smári

From: Ríkarður Tómas Stefánsson <rikki@teiknistofa.is>

Sent: Friday, June 19, 2026 08:58

To: Valur Smári Heimisson <smari@laxey.is>

Subject: MG5-7

Þú færð ekki oft tölvupóst frá rikki@teiknistofa.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

PDF

Bkv

Rikki Stefáns

Ríkarður Tómas Stefánsson

Innanhússarkitekt MSc.Fhi.Tækniteiknari

p. 8635939

e. rikki@teiknistofa.is

w. www.teiknistofa.is

h. Kirkjuvegur 23 900 Vestmannaeyjum

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi er þér óheimilt að afrita eða notfæra þér efni hans á nokkurn hátt. Vinsamlegast gætið fyllsta trúnaðar um efni tölvupóstsins, tilkynnið sendanda tafarlaust og eyðið tölvupóstinum eins og skylt er skv. 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti. This e-mail message and any attachments are confidential and may be privileged. If you are not the intended recipient, please maintain strict confidentiality, notify the sender immediately, and delete all copies of this message and any attachments.



Bestu kveðjur,

Rannveig Ísfjörð

Byggingarfulltrúi

Umhverfis- og framkvæmdasvið

Sími: 488 2000

Netfang: rannveig@vestmannaeyjar.is

Ráðhús, Kirkjuvegur 50

900 Vestmannaeyjar

<https://www.vestmannaeyjar.is/>

Þessi tölvupóstur kann að innihalda trúnaðarupplýsingar. Sjá nánar í [fyrirvara Vestmannaeyjabæjar](#).

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi er þér óheimilt að afrita eða notfæra þér efni hans á nokkurn hátt. Vinsamlegast gætið fyllsta trúnaðar um efni tölvupóstsins, tilkynnið sendanda tafarlaust og eyðið tölvupóstinum eins og skylt er skv. 4. mgr. 88. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti. This e-mail message and any attachments are confidential and may be privileged. If you are not the intended recipient, please maintain strict confidentiality, notify the sender immediately, and delete all copies of this message and any attachments.